



Umhverfis og skipulagssvið Akraness
Stíllholti 16-18
300 Akranes

Reykjavík, 07.04.22

Efni: Umsögn Veitna vegna breytinga á deiliskipulagi við Dalbraut 8

Veitur hafa rýnt breytingu á deiliskipulagi fyrir Dalbraut 8. Breytingin felst m.a. í að byggingarreitur bílageymslu er stækkaður og niður grafinn. Byggingarreitur 1. hæðar er stækkaður, ásamt aukinni lofthæð og heimilt er að vera þar með atvinnu- og félagsstarfsemi og íbúðir

Veitur vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

- 305 mm fráveitulögn, 65 mm vatnslögn og rafmagns strengir liggja í gangstétt við lóðarmörk Dalbrautar. Þar sem verið er að dýpka og stækka bílakjallara benda Veitur á að verja þarf lagnirnar með viðeigandi ráðstöfunum á meðan framkvæmdum stendur.
- Dreifistöð rafmagns er staðsett suðaustan megin við byggingarreit og liggur hluti dreifilagna þar sem fyrirhugaður er bílakjallari. Færslu lagna þarf að vera lokið áður en framkvæmdir hefjast.
- Veitur benda einnig á að ekki er heimilt að tengja dren í kringum kjallara inn á regn- eða skólperfi fráveitunnar. Uppbygging og rekstur regnvatnskerfa sem eru innan lóðamarka eru á höndum lóðarhafa.

Veitur leggja áherslu á gott samráð og samvinnu og að Veitum berist upplýsingar um áform og tímasetningar svo hægt sé gera viðeigandi ráðstafanir áður en framkvæmdir hefjast.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir